



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Berg

2022 – 2023



Virðing – samvinna – metnaður



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans Bergs	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022.....	4
4	Innra mat – Álfasteinn	7
4.1	Álfa- og tröllahópur (árgangar 2017 og 2018).....	7
4.2	Skólahópur (árgangur 2016).....	8
5	Innra mat - Dvergasteinn.....	11
6	Innra mat sérkennslu.....	14
7	Innra mat – fjöltyngd börn	14
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
8	Foreldrasamvinna	18
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10	Fylgiskjal – Umsögn foreldraráðs	21



1 Leiðarljós leikskólans Bergs

Virðing – samvinna – metnaður

2 Greinargerð leikskólastjóra

Ágúst mánuður fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólk var að tínast inn eftir sumarfrí. Í lok ágúst voru flestir komnir til vinnu og aðlögun langt komin. Áherslur okkar voru eins og fram kom í síðustu starfsáætlun á málörvun, félagsfærni, sköpun og menningu. Unnið var markvisst með vissar greinar Barnasáttmálans sem voru tengdar vinnunni við Grænfána verkefni, en þema okkar núna er Hnattrænt jafnrétti. Þessi verkefni er gott að vinna saman þar sem börnin læra og skilja réttindi sín og kynnast því hve heimur barna er ólíkur eftir því hvar þau alast upp. Við unnum markvisst í fjölmenningu allan veturinn og enduðum þá vinnu á þriggja vikna þemavinnu um þjóðlönd barnanna okkar.

Markviss málörvun er einn af grunnþáttunum í vinnu okkar hér á Bergi og reyndum við að sinna því eins vel og við gátum með daglegum lestri, spjalli, söng og málörvunarhópum. Við matarborðið æfa börnin að setja saman og taka sundur orð, læra málshætti, rím og andheiti. Lestrarormurinn er orðin fastur liður tvisvar til þrisvar á vetri hjá okkur. Lestrarormur er búinn til úr pappahringjum, á hringina skrifa foreldrar nafnið á bókinni sem lesin var heima og líma á vegg leikskólans og ormurinn lengist eftir því hversu mikið er lesið. Lubbi finnur málbein er líka notaður markvisst til að efla hljóðkerfisvitund barnanna og kenna þeim hljóð bókstafanna.

Vináttuverkefnið Blær var innleitt hjá okkur fyrir nokkrum árum, þar sem vinátta og félagsfærni er kennd og æfð, bæði í verkefnavinnu og í daglegri umgengni. Er þessi vinna orðin daglegur þáttur hjá okkur og börnin dugleg að minna hvert annað á hvað er að vera góður vinur.

Okkur tókst að klára innleiðingu á námsleiðinni Leikur að læra veturinn 2021 -2022 og eru kennarar duglegir að nota þessa leið til að kenna börnunum ýmislegt gegnum leik og hreyfingu, allt eftir aldri og þroska barnanna.

Elstu börn í leikskólanum fóru á sex vikna námskeið á vegum Myndlistarskóla Íslands þar sem börn og kennarar lærðu ýmislegt nýtt og skemmtilegt í sköpun sem skilaði sér vel með góðum skráningum sem allir kennarar höfðu aðgang að. En sköpun var einmitt einn af áhersluþáttum úr menntastefnu Reykjavíkurborgar síðast liðinn vetur.

Við erum nokkuð sátt við vinnu okkar síðasta skólaár, því það var á margan hátt erfitt. Mikið af langtímaveikindum hjá starfsfólki og öðrum veikindum ásamt COVID-veirunni sem hafði mikil áhrif á starfið, hamlaði okkur í að taka á móti foreldrum og ferðum skólahóps. Það var ekki fyrr en undir páska sem skólinn varð fullmannaður. Við þurftum við að grípa til fálíðunaferilsins nokkrum sinnum í vetur.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Skipulag náms í hópastarfi / lengd þema og áherslur	Skoðuðum skráningar á vinnu í hópastarfi.	Starfsfólk	Góð vinna í hópastarfi en mætti afmarka áherslur betur og aðlaga betur að hverjum aldurshóp fyrir sig.
Sköpun	Starfsfólk fór yfir vinnu vetrarins	Starfsfólk	Það var unnið markvisst í sköpun allan veturinn með öllum börnum en okkur langar að bæta enn meira við næsta vetur. Hvert barn fari í listaskála tvisvar í viku.
Grænfáni, hnattrænt jafnrétti	Skráningar og verkefni skoðuð og metin	Starfsmenn og aðstoðarleikskólastjóri	Markviss vinna allan veturinn. Væri gaman að setja inn þemavinnu á vordögum
Barnasáttmáli	Endurmat á skráningarvinnu	Deildarstjórar og starfsfólk	Góð vinna sem var unnin en þurfum að aðlaga verkefni betur fyrir yngri deild

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsmanna febrúar 2022	Tölvupóstur, spurningar til starfsfólks	Starfsmenn	Könnunin kom þokkalega út starfsánægja var 4,23 en við stefnum á að hækka okkur
Starfsmannaviðtöl	Tekið voru viðtöl við allt starfsfólk	Starfsmenn	Bæta starfsandann

Umbótaáætlun Leikskólans



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Fagmennska stjórnanda	Samvinna samskipti og fagleg endurgjöf	Námskeið <i>Stjórnandi á meðal jafningja</i>	Aðstoða- r- leikskóla- stjóri	Sept 2022	Maí 2023	Námsefni úr námskeiði notað. Mánaðarlegt endurmat	Fagleg vinna og góð sam- vinna milli allra
Fagmennska deildarstjóra og starfsmanna	Samvinna samskipti og fagleg endurgjöf	Deildarstjórar fara á námskeið <i>Stjórnandi á meðal jafningja.</i> Námskeið fyrir alla á starfsdegi	Aðstoða- rleikskól- a-stjóri	Sept 2022	Maí 2023	Námsefni úr námskeiði notað. Mánaðarlegt endurmat	Fagleg vinna og góð samvinna milli allra
Uppeldis- og menntastarf							
Þátttaka barna og lýðræði	Áhuga- svið barnsins ræður ferðinni	Unnið í hópastarfi	Deildar- stjórar og hóp- stjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Mánaðalega á deildar- fundum	Öll börn skili 4 verkum sem þau vinna frá fyrstu hugmynd
Skipulag náms í hópastarfi / lengd þema og áherslur	Einfalda verkefni í hópastarfi	Lengja í þemum og vinna dýpra í verkefnum	Deildar- stjóri og hóp- stjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Jafnóðum og á deildar- fundum	Verkefni
Mannauður/ Leikskólabragur							
Menning og viðmót leikskólastarfsfólks	Leikskóla bragur	Námskeið starfsmanna	Allt starfsfólk	Sept. 2022	Maí 2023	Vikulega á deildar fundum	Starfsmanna- könnun 2023
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Hug- myndir frá foreldrum	Hugmynda- kassi, tölvupóstur, stuttar kannanir	Aðstoð- arleik- skóla stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Fundir með foreldrafélag i og foreldrum	Foreldra könnun 2023
Innra mat							

Skólanámskrá	Birta skóla- námskrá á heimasíðu	Kynna fyrir foreldrum á foreldrafundi haust 2022	Aðstoð- arleik- skóla- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Skoðanir starfsfólks og foreldra	Birt á heimasíðu okt. 2022
--------------	----------------------------------	--	-------------------------------	------------	----------	----------------------------------	----------------------------



4 Innra mat – Álfasteinn

Í vetur var börnunum skipt í þrjá aldurskipta hópa í hópastarfi. Hver hópur var með sinn hópstjóra sem tók ábyrgð á vinnu og verkefnum barnanna í hópastarfi. Hóparnir voru Skólahópur (elstu börn), Tröllahópur (miðju hópurinn) og Álfahópur (yngsti hópurinn). Þau verkefni sem allir hóparnir unnu saman í samverstundum voru „Lubbi finnur málbein“ þar sem vikulega var tekinn fyrir nýr stafur. Börnin æfðu sjálfstjórn með Bínu bálreiðu og sungu allskonar lög. Daglega var farið yfir viku og mánaðardaga og hvernig veðrið væri með tilliti til klæðnaðar. Í samveru æfðu börnin líka að tjá sig fyrir framan hóp og taka tillit til annarra.

Börnin skiptust á að hugsa um hænurnar sem foreldrafélagið gaf leikskólanum síðastliðið ár. Börnin gefa hænunum afgangsmat og ná í egginn sem þær gefa okkur. Þau fengu fræðslu um hænur og hvernig á að umgangast þær og önnur dýr. Á vordögum komumst við að ein hænan okkar er víst hani og vakti þessi uppgötvun mikla kátínu innan leikskólans. Starfsfólkið var búið að hafa smá efasemdir um þessa „hænu“ en núna er það komið á hreint hún er hani.

Önnur sameiginleg verkefni voru *Veitingahúsadagur* þar sem starfsmenn þjónuðu til borðs. Börnin höfðu valið mat á matseðil sem þau skreyttu í tilefni dagsins. Það var umferðarvika í leikskólanum þar sem börnin lærðu umferðarreglurnar og bjuggu til listaverk í tilefni þess. Slökkviliðið kom í heimsókn og var með eldvarnarfræðslu.

Eitt af því sem stóð upp úr var verkefnið „Töfrateppið“. Það voru tvær fjölmenningsarvikur þar sem við lærðum um öll mismunandi lönd barnanna og kennaranna í leikskólanum okkar. Við gerðum ýmis listaverk í tengslum við þetta verkefni og í lokin var uppskeruhátíð þar sem foreldrar komu í kaffi og mættu með smárétti frá þeirra heimalandi.

Í október og nóvember var mikið af veikindum, langtímaveikindum, einangrun og sóttkví hjá starfsfólki og því fylgdi mikil röskun á starfi deildarinnar. Hópastarfið hjá Álfa og Tröllahóp var því að mestu leitið sameinað.

4.1 Álfa- og tröllahópur (árgangar 2017 og 2018)

Sköpun: Hóparnir teiknuðu sjálfsmynd og fjölskyldumynd. Grunnlitirnir teknir fyrir og búinn var til Rusladreki sem var teiknaður, klipptur og límdu af hópnum. Einnig voru búin til handa- og fótafór. Jólagaðirnar voru svo búnar til úr endurnýttum mjólkurfernum og í jólafondri var teiknað, málað, og unnið með glimmer og svo voru líka bakaðar piparkökur. Börnin sköpuðu svo krummafígúrur úr svörtum pappír sem var klipptur til og límdu saman. Föndrað var fyrir bónda og konudag og unnið með fána barnanna. Í vorfondri máluðu hóparnir fiðrildi, teiknuðu blóm, lituðu með tússpennum og fengu svo að mála á gangstéttina.

Niðurstöður: Það var mikil sköpun í gangi allan veturinn hjá hópnum og mikil áhersla lögð á að æfa fínhyrfingar. Næsta vetur munum við halda áfram með samvinnuverkefni en leggja enn meiri áherslu á einstaklingsverk.



Grænfáninn

Í Grænfánaverkefninu var unnið með þemað hnattrænt jafnrétti annað árið í röð. Þetta þema passar vel við barnasáttmálann og lærðu hóparnir um hinar ýmsu greinar hans og fengu að horfa á myndband frá Unicef. Einnig var unnið með upplýsingar um þau sjálf og fjölskyldu þeirra, eins og fullt nafn, fæðingardag og heimilisfang. Þau lærðu svo um árstíðirnar og fóru reglulega í göngutúra þar sem meðal annars var týnt rusl og lært um fugla. Einnig voru umræður um rusl í tengslum við „Rusladrekann“ sem var föndraður. Rusl er flokkað á Bergi. Matarsóunarvikur eru fastur liður í vinnu okkar á Bergi og leggjum við mikla áherslu á að börnin læri að fara vel með mat.

Niðurstöður: Gott að vinna með Barnasáttmálann og hnattrænt jafnrétti saman. Því það er margt sameiginlegt með þessum þemum. Munum við halda því áfram næsta vetur.

Menning:

Menningarhlutinn blandaðist oft við Grænfánaþemað um hnattrænt jafnrétti. Við unnum með fjölmenninguna á leikskólanum okkar með verkefni sem kallað er „Töfrateppið“ en það er teppi sem kemur fljúgandi með bréf frá öðrum löndum til barnanna. Bréfin eru lesin fyrir börnin og þau sjá myndir og myndbönd frá öðrum löndum. Með þessu verkefni læra börnin um lönd og menningu erlendu og tvítyngdu barnanna okkar. Við enduðum svo á að fá foreldraheimsókn þar sem foreldrar komu með mat frá sínu landi og sungin voru lög. Haldið var upp á íslensku menningardagana eins og jólin, páskana, bónda- og konudagur og öskudaginn. Við lærðum svo um umferðarreglurnar í umferðavíkinni.

Niðurstöður: Töfrateppið sló alveg í gegn og munum við vinna með verkefni tengd því í mánuð á næsta skólaári.

4.2 Skólahópur (árgangur 2016)

Sköpun: Skólahópurinn gerði ýmis verkefni tengd sköpun. Til dæmis föndur úr laufblöðum sem þau týndu. Teiknuðu mynd af hænum og mynd af heimilum þeirra, fjölskyldumynd og sjálfsmýnd og gerðu handa- og fótafar. Eins og Trölla og Álfahópur var jólagjöfin unnin úr endurunnum mjólkurfernum. Gert var allskonar jólaföndur og bakaðar piparkökur. Það var föndrað fyrir bónda og konudag, þau gerðu fána og gerðu vorföndur t.d. bjuggu til lamb þar sem þau klipptu og límdu ull. Það sem svo helst stóð upp úr voru sex heimsóknir í myndlistarskólann þar sem ýmis verkefni voru unnin og margar hugmyndir kviknuðu sem skiluðu sér í leikskólann.

Niðurstöður: Börnin voru mikið í fínhreyfingarvinnu allan veturinn, bæði í listaskála en líka í vinnu í skólaheftum þar sem þau æfðu í sig í tölu- og bókstöfum. Næsta vetur munum við vinna dýpra með ýmis einstaklingsverkefni tengd sköpun.

Grænfáninn: Í Grænfánanum var unnið með þemað hnattrænt jafnrétti annað árið í röð. Þetta þema passar vel við barnasáttmálann og lærði hópurinn til dæmis um réttinn til nafns og ríkisfangs, bann við mismunun, hvernig við erum ólík, mismunandi fjölskyldur, mismunandi tungumál, rétturinn til að láta skoðanir í ljós og réttuinn til heilbrigðisþjónustu. Hópurinn vann svo með hugtökin: Hamingja, virðing, umhyggja og hugrekki. Skólahópur lærði svo um veðrið og árstíðir og lærðu um fuglana í nærumhverfinu. Hópurinn hitti 6. bekk úr Klébergsskóla í útikennslustofunni þar sem farið var í ýmis verkefni. Hópurinn tók upp kartöflur og gróðursettu tré í Barnalundinn.



Niðurstöður: Skemmtileg og góð vinna sem skilaði sér vel til barnanna. Munum halda áfram á sömu braut næsta vetur.

Menning: Haldið var áfram að vinna með Blæ bangsa og umræður og verkefni tengd því hvernig við erum öll ólík. Slökkviliðið kom í heimsókn og hópurinn fór að sjá sýningu töframanns upp í Klébergsskóla. Jólin og almennar íslenskar jólahefðir voru á sínum stað. Við bjuggum til veitingahús þar sem starfsmenn voru þjónar og börn gestir. Í tengslum við Barnamenningarhátíð bjó hópurinn til leikrit og flutti fyrir foreldra og aðra bæjarbúa. Lesnar voru gamlar þjóðsögur fyrir hópinn. Í tengslum við umferðarvikuna fór hópurinn í strætóferð til Mosfellsbæjar og æfðu sig í almennum umferðarreglum ásamt að leika sér. Hópnum var svo boðið í Borgarleikhúsið að sjá leikrit. Það sem stóð upp úr var „Töfrateppið“ þar sem börnin lærðu og bjuggu til verkefni og listaverk tengd löndum barnanna.

Börn í 1. – 3. bekk Klébergsskóla buðu elstu börnum í leikskólanum að koma og sjá helgileik í desember sem vakti mikla lukku fyrir alla aldurshópa. Auk þess sem þau fengu að sjá síðustu æfingu á söngleik sem nemendur Klébergsskóla sýndu á árshátíð. Krakkarnir í skólahóp fóru svo einu sinni í viku á vormánuðum upp í Klébergsskóla að æfa vorlög með yngsta og miðstigi Klébergsskóla. Afraksturinn var sýndur á skólaslitum Klébergsskóla þar sem haldnir voru vortónleikar.

Niðurstöður: Vinnan með Blæ bangsa er orðið fast í sessi hjá okkur. Við leggjum mikla áherslu á félagsfærni og er unnið með hana alla daga bæði í verkefnum en líka í daglegum samskiptum. Auk þess að halda áfram með menningartengd verkefni og samvinnu milli skólastiga.



Skólaverkefni:

Skólahópurinn fór í hverri viku upp í Klébergsskóla að hitta kennarann og gera verkefni, oftast en ekki var unnið í gegnum kennsluaðferðina „leikur að læra“. Hópurinn fór einnig einu sinni í viku í sund og íþróttir með íþróttakennara Klébergsskóla. Í verkefnavinnu tengda skólanum voru börnin að læra að para saman stafi, búa til orð, æfa sig í að skrifa einföld orð, leggja saman tölur og skrifa stafi. Leikskólabörnin fengu að kynna heilum skóladegi því eftir verkefna vinnu með kennara borðuðu

þau í matsal skólans og fóru í frístundina. Þau tóku einnig þátt í sjávargöngu sem öll börn í Klébergsskóla ganga daglega.

Niðurstöður: Frábær samvinna með kennurum og starfsfólki Klébergsskóla. Börnin sjálförugg og þekkja skólann vel þegar grunnskólagangan byrjar.

Umbótaáætlun Álfasteins

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla frumkvæði hópstjóra og að þeir taki fulla ábyrgð á hópastarfi	Hópstjórar taka ábyrgð á að vinna þau verkefni sem ákveðin hafa verið	Skoða verkefni sem ákveðin hafa verið og ákveða leiðir til að framfylgja þeim	Deildar- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Skráningar og endurmat á verkefnum vetrarins	Verkefni voru unnin sem ákveðin voru.
Málörvun inná deild þar sem allir starfsmenn taka þátt	Allir starfs- menn taki þátt í markvissri málörvun	Starfsmenn skipti verkum á milli sín þannig öll börn fái daglega málörvun	Deildar- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Gefðu tíu og bönd með nöfnum barnanna til að minna starfsfólk á og til að fyrirbyggja að barn gleymist	Skráningar
Efla sjálfstæði barnanna	Í fataklefa og við matarborð	Hvetja börnin til sjálfshjálpar við allar aðstæður og að þau vinni meira út frá sínum áhugamálum í sköpun og verkefnavinnu	Deildar- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Skráningum	Börnin verði sjálfbjarga við allar aðstæður og verk barnanna í sköpun
Fara inn í leik barnanna	Starfsmenn leiki við börnin til að auðga leikinn og í markvissa málörvun	Starfsmenn skipta verkum á milli sín	Deildar- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Skráningar	Börnin þroskist í gegnum leikinn auk þess að bæta við sig orðaforða
Starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði í um jákvætt uppeldi og vinni samkvæmt því	Fræðsla til starfsmann a um stefnuna Jákvætt hugafar	Starfsmenn vinna eftir hugmyndafræðinni í og hjálpi hvort öðru að innleiða hana	Deildar- stjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Á deildar- fundum. Starfsfólk ræðir sín á milli	Að starfsfólk verði búið að tileinka sér og vinna eftir stefnunni á vormánuð- um 2023



5 Innra mat - Dvergasteinn

Í vetur byrjuðum við hópastarfið með þrjá hópa þar sem börnunum var skipt niður eftir aldri. Með hverjum hóp var hópstjóri sem hafði yfirsýn og tók ábyrgð á vinnunni með sínum hóp. Hópastarfinu var skipt niður í sex vikna þema og undir hverju þema voru mismunandi áherslur og verkefni hverju sinni. Það reyndist okkur frekar erfitt að halda hópastarfinu gangandi með þessum hætti sökum veikinda starfsfólks og fleira. Þegar leið á veturinn breyttum við skipulaginu hjá okkur og skiptum börnunum í tvo hópa (eldri og yngri), starfsmenn skiptu hópastarfinu á milli sín, í stað þess að einn starfsmaður sæi um hvern hóp voru alltaf tveir saman þannig fengu börnin meira út úr hópastarfinu og starfsfólk fékk tækifæri á vinna eftir sínu áhugasviði. Í hópastarfið bættum við inn slökun sem er úr vináttuverkefni barnaheil um bangsann Blæ, þá kennum við börnunum að vera á sínum stað og fara eftir fyrirmælum kennara. Við settum meiri kraft í könnunarleikinn þar sem unnið er með verðlausan efnivið og börnin fá að uppgötva alls kyns áferðir og fá að láta ímyndunaraflíð njóta sín. Við tökum myndir úr hópastarfinu og skráum niður hvað fer fram hverju sinni. Tvisvar yfir árið vorum við með lestrarorm, þá kvittuðu foreldrar á miðna hvaða bók var lesin heima og miðanum svo bætt við lestrarorminn sem var fljótur að stækka. Málörvun inná deild er alltaf í gangi, við setjum orð á allar athafnir og ræðum saman um hvað við erum að gera. Við höfum líka verið að fara í málörvun í hópastarfi og samveru með alls kyns leikjum og spjalli. Í samveru unnum við með Lubba (Lubbi finnur málbein) einu sinni í viku þar sem við skoðuðum einn staf í einu og sungum lagið sem fylgir stafnum. Við lásum líka bækur og sungum lög sem við vildum leggja inn hjá börnunum og fórum í alls kyns leiki.

Sköpun

Börnunum er skipt í hópa í hópastarfi og í hverjum hóp er hópstjóri sem heldur utan um sinn hóp. Í hópastarfinu vinnum við eftir þema hverju sinni svo verk barnanna eru alltaf með sama þemað en svo koma mismunandi útfærslur fyrir hvert barn fyrir sig. Við erum mikið að mála og lita, klippa og líma bæði einstaklingsverkefni eða saman í hóp, með sköpun æfum við bæði fín- og grófhreyfingar. Við höfum verið að fara í gönguferðir í hverfinu okkar og líka niður í fjöru til að safna að okkur efnivið til að taka með okkur í leikskólann. Þessi efniviður er nýttur til að kanna og leika með áður en við förum að skapa með honum. Laufblöð, skeljar, steinar, ber, sandur, könglar og margt fleira sniðugt sem við sjáum á leiðinni. Við erum ýmist inná deild eða inn í listaskála þegar við erum að skapa eða búa til listaverk.



Niðurstaða:

Börnin hafa gaman af því að fara í gönguferðir til að skoða umhverfið okkar og safna efnivið til að nýta í sköpun. Ekki síður þykir þeim skemmtilegt að fara inn í listaskála að mála, lita, klippa og líma. Öll börnin taka virkan þátt í sköpun og finnst alltaf jafn gaman að skapa ný listaverk. Við viljum halda áfram eins og við erum búin að vera að gera en á sama tíma bæta okkur. Okkur langar að nýta verðlausa efniviðinn okkar meira á næsta ári bæði í könnunarleiknum og starfi með börnunum.

Menning

Við fórum yfir alla helstu dagana sem tengjast íslenskri menningu s.s. bóndadag, konudag, Þorrann og fleira. Vorum með gamlar Íslenskar sögur sem við sögðum krökkunum, annaðhvort lássum við upp úr bók eða notuðum loðtöflusögur sem krökkunum finnst skemmtilegt því þannig verður sagan svo lifandi fyrir þeim. Við unnum líka með verkefni sem heitir „Töfrateppi“ þar sem kennarar voru búnir að útbúa sögu fyrir krakkana



frá þeim löndum sem börnin á leikskólanum á Bergi eru frá. Teppið kemur í leikskólann með bréfið og það lesið upp fyrir krakkana. Þannig fá krakkarnir að heyra og sjá muninn á menningu milli landa. Kennarar prentuðu líka út myndir af fánum mismunandi landa svo að börnin gætu skoðað og séð mismunandi fána hvers lands. Í lokin bjuggu allir til fána úr litum frá sínum fána sem hengdir voru svo upp á vegg. Það var ótrúlega gaman að sjá mismunandi útfærslur á fánum og gaman fyrir að börnin að sjá fjölbreytileikann.

Niðurstaða:

Börnunum fannst gaman að skoða og sjá mismunandi lönd, dýralíf og fleira. Auk sem þau fengu góða útrás fyrir sköpunargleði sína. Við sáum að við þurfum að aðlaga verkefnið um töfrateppið betur að yngri börnunum, þetta var frekar þungt efni fyrir þau sem við þurfum að einfalda.

Grænfáni og hnattrænt jafnrétti

Við settum barnasáttmálann inn í hópastarfið hjá okkur þar sem við vorum að vinna með hvað við heitum, hvar við eigum heima og fjölskyldur okkar – að allir eigi nafn og heimili og fjölskyldur en að ekki eigi allir alveg eins heimili og fjölskyldur. Við unnum líka með að virða skoðanir annarra, taka eigin ákvarðanir og að ekki þurfi alltaf að herma eftir eða vera með það sem næsti maður er með. Við unnum mikið með vatn. Vorum með sulludaga tvisvar sinnum yfir árið þar sem börnin voru inná deild og fengu að sula með vatn í vaskinum inná baði og svo settum við sulluker inná deild með alls kyns leikföngum fyrir börnin til að leika með.



Niðurstaða:

Við munum halda þessari vinnu áfram, gera sjálfsmyndir og fjölskyldumyndir að vori þegar börnin koma í leikskólann eftir sumarfrí og svo aftur að hausti. Sulludagarnir verða áfram á sínum stað og ætlum við að bæta við vasaljósaviku þar sem börnin mega koma með vasaljós í leikskólann og ætlum við að leika okkur með þau og búa til skuggamyndir og fleira skemmtilegt.

Umbótaáætlun Dvergasteins

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hópastarf	Skipuleggja hópastarfið betur	Skýrara skipulag fyrir hópastarfið	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Deildafundir	Að allir starfsmenn þekki og skilji hópastarfið
Sköpun	Markvissari sköpun sem tengd er starfinu hverju sinni	Í hópastarfi	Hópstjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Deildarfundum, skráningum sem fylgja verkefnum	Börnin geri verkefni tengd þeimum.
Málörvun	Markvissari málörvun inná deild	Í hópastarfi og inná deild	Deildastjóri og hópstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Skráningar, „gefðu 10“, TRAS. Deildafundur	Öll börn fái málörvun við sitt hæfi
Samskipti	Efla samskipti milli starfsmanna	Tala saman og virða hvert annað	Deildarstjóri og starfs- menn deildar	Sept. 2022	Maí 2023	Deildafundur, starfsmanna- kannanir	Að allir geti talað saman og tjáð sínar hugmyndir og sagt sína skoðun



Mynd frá Barnamenningarhátíð barnanna. Börnin á Bergi bjuggu til frumsamið leikrit „Bangsafjölskyldan og bjargvættirnir“ æsispennandi leikrit sem vakti mikinn fögnuð viðstaddra.

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við vinnum eftir hugmyndafræði TEACCH þar sem myndir eru notaðar til að hjálpa sérkennslubörnum. Þau fá einstaklingsnámskrá og fara í vinnustundir bæði ein og líka með vinum. Skráningar eru ýmist daglega eða vikulega. Það eru líka málörvunarhópar unnið er með í vinnustundum eða inn á deild.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Málörvunarspil og leikföng sem notuð eru í markvissum tilgangi að æfa félagsfærni

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Kennarar fari inn í frjálsa leik sérkennslubarna	Kennarar leiki með börnunum í frjálsa leiknum	Hjálpa þeim að æfa félagsfærni og setji orð á alla hluti	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Með skráningum	Kennarar fari einu sinn á dag inn í leikinn

7 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Málörvunarspil voru keypt. Sérstakar vinnustundir fyrir börnin þar sem áhersla er lögð á skilning og orðaforða.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum með <i>Gefðu 10</i> . Tækifæri sem gefast eru gripin í spjall við börnin bæði í einstaklingsumræðu eða í hóp með fleiri börnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Framhaldsögur lesnar fyrir elstu börn þar sem kafað er í orð og merkingu þeirra. Við matarborðið er markvisst unnið með orðaforða, rím og fleira. Unnið með börnin í minni hópum þar sem áherslan er á markvissa málörvun, orðalisti lagður til grundvallar til að halda utan um það sem verið er að vinna með.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	TRAS og vikulegar skráningar úr hópavinnu. Áætlanir eru gerðar fyrir hvert barn og eða hóp barna sem fara saman í málörvunarstundir.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, það er gert með öllum börnum bæði í samverustundum og hópastarfi. Tækifæri eru gripin og mikið spilað með börnunum þar sem markmiðið er að auka orðaforða og skilning þeirra á tungumálinu. Það hefur bæði verið unnið með þau inn á deild og í litlum hópum.



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun erlendra barna og foreldra þeirra.	Upplýsa foreldra um leikskólastarfið og hvað þeim stendur til boða í íslensku samfélagi	Fá aðstoð frá starfs- mönnum fjölmennningar í Reykjavík (Miðja máls og læsis og brúarsmiðir)	Sérkennslustjóri	Sept. 2022	Mai 2023	Allir erlendir foreldrar fá upplýsingarnar	Foreldr- ar verði upp- lýstir um reglur og gildi leik- skólans

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Tekin voru viðtöl við alla starfsmenn síðastliðið skólaár og rætt var um starfsmannamál á starfsdögum. Þar sem markmiðið var að heyra hvernig starfsmönnum liði í vinnunni og hvað betur mætti fara. Niðurstöður samtalanna voru notaðar til að rýna starfsemina, bæta aðstöðu og líðan starfsfólks í vinnunni.

Þrír starfsmenn fóru á þriggja daga TEACCH námskeið. Nokkrir starfsmenn nýttu sér sex vikna námskeið á vegum Miðgarðs í *Náttúrulegri kennslu að bættri hegðun* og trúnaðarmaður Eflingar fór á þriggja daga trúnaðarmannanámskeið. Tveir starfsmenn fóru á *Pecs* námskeið. Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi og fór reglulega í lotur viðkomandi því námi.

Á síðast liðnu starfsári kláruðum við námskeiðið Leikur að læra og er sú námsleið notuð á báðum deildum. Kennarar við leikskólann hafa kennt og unnið með yngsta bekkja kennara í innleiðingu á námsleiðinni í fyrsta bekk í Klébergsskóla.

Á vormánuðum kom Herdís Storgard og var með námskeið um slysaættur í leikskóla og viðbrögð við þeim.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er á milli leik- grunn og frístundarinnar á Klébergi enda sameinuð stofnun. Það eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum, það gekk reyndar frekar illa á tímabili í vetur vegna Covid því ekki mátti blanda hópum. En svo var öllum hömlum aflétt og eðlilegt líf tók við. Starfsdagar leik- og grunnskólans eru allir sameiginlegir á skóladagatölunum, þrír þeirra eru einnig sameiginlegir með leik- og



grunnskólum í Grafarvogi. Við samnýtum húsnæðið mikið. Leikskólabörnin fara í íþróttahúsið í hverri viku og elstu börn hafa tækifæri á að fara í sund einu sinni í viku með sundkennara. Eftir áramót voru elstu börn leikskólans einn dag í viku í Klébergsskóla, þar sem þau tóku þátt í öllu starfi skólans. Þau fóru í kennslustund, frístundastarf í frístundaheimilinu Kátakoti, gengu *sjávargöngu* með fyrsta bekk og borðuðu í matsal skólans.



Unglingar í Klébergsskóla geta valið leikskólann sem val í námi sínu á vissum tímabilum yfir veturinn. Þá koma þeir til okkar einu sinni í viku á sex vikna tímabili. Það gekk frekar brösuglega eins og flest það sem krafðist blöndunar milli hópa vegna covid á tímabili í vetur.

Á hverju vori sameinast elstu börnin í leikskólanum og 1. bekkur og gróðursetja tré í Barnalundinn okkar hér á Kjalarnesi. Þetta er skemmtilegt nærumhverfisverkefni og lundurinn farinn að dafna vel. Á meðan starfsemi er í leikskólanum og sumarfrístundinni fara börnin og vökva trén sem þau gróðursettu. Í vor gróðursettum við líka tré í kringum útikennslustofuna okkar til að skapa meira skjóla í henni.



Útskrift elstu barna úr leikskólanum fer fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir alla. Aðstandendur áttu góða stund og gátu í leiðinni kíkt í kennslustofur barnanna og frístundaheimilið. Auk alls sem hér er upptalið er mikil samvinna varðandi Grænfánaverkefnið enda sama þema á báðum skólastigum og öll almenn stefnumótun sem viðkemur starfi og starfsfólki. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.



Yfirlit yfir viðburði 2022-2023

Mánuður	Viðburður	Staður	Ábyrgð
19 ágúst	Sameiginlegur starfsdagur	Kléberg	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September 2022 og febrúar 2023	Val Klébergsskóli	Berg	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September 2022 fram að vori 2023	Elstu leikskólabörn í reglulegar heimsóknir í Klébergsskóla / sundnámskeið og Kátakot Útikennsla einn dag í viku með Klébergsskóla	Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September	Grænfánafundur	Elstu börn í leikskóla og nemendur í Klébergsskóla	Aðstoðarleikskólastjóri
September / Febrúar	Matarsóunarvikur	Berg og Klébergsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri
Nóvember	Hrekkjavaka	Kátakot	Deildarstjóri
Desember	Jólaball og föndur	Klébergsskóli	Deildarstjóri
Janúar 2023	Grænfánafundur	Klébergsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri
Maí	Gróðursetning	Barnalundur	Deildarstjóri og kennarar í Klébergsskóla
Maí	Þemadagar	Berg og Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Maí 2023	Útskrift elstu barna úr leikskóla	Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

8 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sátu þrír foreldrar barna í leikskólanum. Fundir voru færri en vanalega vegna samkomutakmarkanna.

Í venjulegi árferði er einn stór foreldrafundur að hausti þar sem farið er yfir helstu áherslur vetrarins og náðum við að halda fundinn milli COVID takamarkanna. Við náðum líka að bjóða foreldrum til okkar á menningarmót í mars sem tókst frábærlega. Þar buðum við upp á mat frá þjóðlöndum barnanna okkar auk þess sem börnin komu með hluti að heiman sem minntu á landið þeirra. Foreldrar gátu líka notið þess að fara í sveitaferð saman á bóndabæ eins nemenda hér á Bergi. Við höldum okkar árlegu vorhátíð í júní þar sem allir glöddust saman, börn og fjölskyldur þeirra. Börnin fengu að fara á hestbak og fengu grillaðar pylsur ásamt gestum þeirra.

Í foreldrafélagi Bergs eru fjórir vaskir foreldrar. Við höfum fundað einu sinni saman í vetur til að ákveða áherslu félagsins. Önnur samskipti hafa farið fram með spjalli í fataklefanum eða með tölvupósti. Foreldrafélagið hefur verið góður stuðningur við leikskólastarfið, staðið fyrir uppákomum og hjálpað okkur með hæurnar.

Í umbótaráætlun okkar fyrir næsta skólaár ætlum við að efla samstarf við foreldra enn frekar. Við ætlum að skoða hvernig foreldrar geti verið meiri þátttakendur í starfi leikskólans og líka hvernig upplýsingamiðlun leikskólans er að skila sér til heimilanna.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal



Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Leikskólinn Berg**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Fridagur verslunamanna	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fúlveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalýðsdagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjómanna dagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándinn	6 M Starfisdagur dagur leikskólans	6 M	6 F Skíddagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F Starfisdagur	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur fórnistansklans	7 Þ	7 F Föstudagurinn langi	7 S	7 M Skólasítt grunnskóla	7 F
8 M	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þáskadagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M Annar í þéskum	10 M Sameiginlegur starfisdagur SFS	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur íslenska tákmalans	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 L	12 M	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Dagur stærðfræðinnar	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur íslenskrar réttíttu	16 S	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Uppstigningardagur	18 S	18 Þ
19 F Starfisdagur	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S Dagur mannréttinda barna	20 Þ	20 F Böndudagur	20 M Bolludagur	20 M	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F Vetraleyfi grunnskóla	21 M	21 M	21 L	21 Þ Sprengidagur	21 Þ	21 F Starfisdagur	21 S	21 M	21 F
22 M Skólaeining grunnskóla	22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Óskudagur	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þorlákssmessu	23 M	23 F Vetraleyfi grunnskóla	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M Vetraleyfi grunnskóla	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F Vetraleyfi grunnskóla	24 F	24 M Starfisdagur	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ Vetraleyfi grunnskóla	25 F	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ Umhverfisdagur	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 L	26 M Annar í jölum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S Hítasunnudagur	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Annar í Hítasunnu	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L Gamlánsdagur	31 Þ		31 F		31 M		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að sanræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



Með bestu kveðjum frá Bergi!

Fyrir hönd starfsfólksins,

Kristín Sigríður Evertsdóttir

Sigrún Anna Ólafsdóttir

10 Fylgiskjal – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2022 – 2023 Leikskólinn Berg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Alfa Freysdóttir
Sunna Björg Birgisdóttir
Frantz Adolph Pétursson**

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Bergs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Bergs fyrir árið 2022-2023 til yfirlestrar og lýsir foreldraráðið yfir ánægju með starfsáætlunina. Áætlunin er ítarleg og vel unnin.

Starf leikskólans á síðasta ári (2021-2022) hefur verið faglegt og metnaðarfullt. Þrátt fyrir óvenjulega tíma hefur starfsfólk verið jákvætt, andrúmsloftið gott og starfið verið metnaðarfullt.

Foreldraráðið lýsir ánægju sinni yfir markvissri málörvun á leikskólanum. Skemmtileg leið til málörvunar er spjallið við matarborðið, börnin læra að taka í sundur orð, ríma og finna andheiti. Lestrarormurinn er frábær tenging milli leikskóla og heimilis; þar sem börnin lesa heima og bæta svo við orminn í leikskólanumm. Stjórnin er ánægð með Lubbastarfið (Lubbi finnur málbein) á skólaárinu en það mætti tengja það betur heim, t.d. mætti



gefa upp í byrjun vikunnar hver stafur vikunnar er. Þá geta foreldrar unnið með þann staf samhliða heima. Börnin geta líka verið beðin að koma með hlut að heiman sem byrjar á stafnum.

Gaman var að sjá hversu vel gekk að innleiða Leikur að læra. Foreldraráð er einnig ánægt með Blæ verkefnið og ánægjulegt er að sjá hvað leikskólinn leggur mikla áherslu á vináttu og góð samskipti. Töfrateppið, sem er verkefni alveg til fyrirmyndar, tengir vel við Blæ hugmyndfræðina og tókst frábærlega vel upp. Það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm um önnur lönd og menningarheima.

Útikennsla er góð á leikskólanum Berg og er frábært að sjá hvað kennarar eru duglegir að nýta sér nærumhverfið til kennslu, enda er náttúran í kringum leikskólann algjör töfraheimur.

Það er ánægjulegt að sjá að starfsfólk skólans nýtir sér þau námskeið sem í boði eru til að auka á þekkingu sína í starfi. Góð leið til þess að kynna nýja starfsmenn fyrir starfi skólans er að hafa svokölluð “leiðbeiningarviðtöl”. Sömuleiðis er sniðugt að hafa “hugmyndabanka” starfsmanna þar sem skráð/mynduð eru verkefni barnanna sem nýir starfsmenn geta leitað í fyrir innblástur og leiðbeiningar.

Samskipti foreldra og starfsmanna hafa verið góð. Aukin notkun á Völu appi hefur auðveldað allt upplýsingaflæði. Það er líka ánægjulegt að fá myndir af leik og starfi barnanna í appið. Stundaskráin er góð til þess að fylgjast með hinum ýmsu viðburðum. Foreldraráð finnur fyrir því að börnunum er sýnd virðing á leikskólanum og komið er vel fram við þau. Mikilvægt er að halda alltaf í gleðinu – sérstaklega á óvenjulegum tímum eins og í miðjum heimsfaraldri.

Það er ánægjulegt að sjá þessa miklu samvinnu á milli leikskólans Bergs og Klébergsskóla. Reglulegar heimsóknir skólahóps í Klébergsskóla stuðlar að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga.

Starfsáætlunin lýsir vel því starfi sem fram fór á leikskólanum Bergi í vetur. Foreldrar eru þakklátir fyrir það faglega starf sem fram fer. Það verður gaman að fylgjast með starfinu næsta vetur og sjá starfið verða enn betra!

Alfa Freysdóttir

Foreldraráði leikskólans Bergs.



